

Athugun á stoð- og stuðningsþjónustureglum sveitarfélaga

Frumkvæðiseftirlit Gæða- og eftirlitsstofnunar velferðarmála

Óskað er eftir því að sveitarfélagið svari meðfylgjandi spurningalista Gæða- og eftirlitsstofnunar velferðarmála (GEV). Spurningalistinn snýr að reglum um stoð- og stuðningsþjónustu sem sveitarfélögum er annars vegar skylt og hins vegar heimilt að setja samkvæmt lögum nr. 40/1991 um félagsþjónustu sveitarfélaga og lögum nr. 38/2018 um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir.

Leiðbeiningar við svörun spurningalista

- Vinsamlegast skráið nafn sveitarfélagsins, tengilið og dagsetningu á viðeigandi stað efst í skjalið.
- Setjið því næst X í viðeigandi reiti í töflunni.
- Ef reglur eru til staðar skal sett X við *Já* og dagsetning gildistöku skráð í næsta dálk. Athugið að skrá skal dagsetningu nýjustu útgáfu reglna.
- Séu reglur ekki til staðar skal sett X við *Nei* og tilgreint í athugasemdadálki hvort reglur eru í vinnslu og hvenær vænta má þess að þær verði gefnar út.
- Ef einhverjar af reglunum hafa verið sameinaðar (t.d. reglur um stoð- og stuðningsþjónustu) skal engu að síður svara spurningalistanum eins og um aðskildar reglur sé að ræða. Heiti sameinaðra reglna skal skráð í athugasemdadálk.

Vinsamlegast skilið útfylltum spurningalista rafrænt og sendið sem viðhengi, ásamt öllum útgefnum reglum sveitarfélagsins um stoð- og stuðningsþjónustu, eigi síðar en 22. mars nk. á tölvupóstfangið: svanhildur.thorsteinsdottir@gev.is.

Athugun á stoð- og stuðningsþjónustureglum sveitarfélaga

Frumkvæðiseftirlit Gæða- og eftirlitsstofnunar velferðarmála

Dagsetning:	06.03.2024
Nafn sveitarfélags:	Garðabær
Tengiliður sveitarfélags (nafn og netfang):	svanhildurthe@gardabaer.is

Vinsamlegast setjið X í viðeigandi reiti

	Já	Dagsetning gildistöku nýjustu útgáfu	Nei	Athugasemd
Reglur um notendasamninga <i>sbr. lög nr. 38/2018, 3. mgr. 10. gr. og lög nr. 40/1991, 2. mgr. 28. gr.</i>	x	16.11.2023		
Reglur um notendastýrða persónulega aðstoð (NPA) <i>sbr. lög nr. 38/2018, 5. mgr. 11. gr.</i>	x	29.06. 2021		
Reglur um frístundaþjónustu <i>sbr. lög nr. 38/2018, 2. mgr. 16. gr.</i>				
Reglur um stuðningsfjölskyldur <i>sbr. lög nr. 38/2018, 2. mgr. 15. gr.</i>	x	1.03.2012		Unnið að endurskoðun
Reglur um styrki vegna félagslegrar hæfingar og endurhæfingar <i>sbr. lög nr. 38/2018, 2. mgr. 25. gr.</i>	x	15.12.2011		Unnið að endurskoðun
Reglur um akstursþjónustu <i>sbr. lög nr. 40/1991, 3. mgr. 29. gr.</i>	x	06.03.2020		
Reglur um stuðningsþjónustu <i>sbr. lög nr. 40/1991, 3. mgr. 26. gr.</i>	x	16.11.2023		
Reglur um stoðþjónustu <i>sbr. lög nr. 38/2018, 8. gr.</i>	x	16.11.2023		
Aðrar reglur um stoð- og stuðningsþjónustu <i>skráið heiti reglna hér:</i>				
Reglur Garðabæjar um stuðning við börn og fjölskyldur þeirra	x	15.04.2021		
Reglur Garðabæjar um skammtímadvöl fyrir fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir	x	18.02.2021		
Reglur um úthlutun félagslegra leiguíbúða	x	03.09.2020		

Mat á stuðningsþörf

Með vísan til neðangreindra lagagreina og leiðbeininga snúa eftirfarandi spurningar að því hvort sveitarfélagið hafi skilgreint í reglum sínum og/eða verklagi hvernig mat á stuðningsþörf fer fram.

3. mgr. 2. gr. laga nr. 38/2018 um stuðningsþarfir:

„Við mat á stuðningsþörfum er stuðst við samræmdar aðferðir.“

1. mgr. 27. gr. laga nr. 40/1991:

„Áður en aðstoð er veitt skal sá aðili sem fer með stuðningsþjónustu meta þörf í hverju einstöku tilviki“

Leiðbeiningar fyrir sveitarfélög um stuðningsþjónustu samkvæmt lögum nr. 40/1991, 3. gr.

„Áður en aðstoð er veitt skal meta þörf fyrir stuðning í hverju einstöku tilviki. Mat á stuðningsþörf skal vera unnið í samvinnu við umsækjanda enda sé mat á þjónustu skilgreint sem upphaf að skilvirku notendasamráði. Mat á stuðningsþörf skal vera samræmt í sveitarfélaginu og skýrt með hvaða hætti stuðningsþörf er metin.“

	Já	Nei
Er til staðar skilgreint og samræmt verklag við mat á stuðningsþörf?	x	
Tilgreinið þær matsaðferðir sem notast er við þegar stuðningsþörf er metin		
Notaður er matslisti: - Mat á stuðningsþörf vegna þjónustu við börn og fjölskyldur þeirra - Mat á stuðningsþörf vegna þjónustu við fullorðna		
Einnig er stuðst við niðurstöðu úr SIS mati liggi það fyrir.		

Athugasemdir

Skráð hér athugasemdir ef einhverjar eru